



Samráð á netinu við lagasetningu

Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri



Yfirlit

- Til hvers samráð?
- Alþjóðleg þróun - meginsjónarmið
- Hvar stöndum við, hvert ætlum við?



Til hvers samráðs?

- Tilgangur samráðs: lýðræði, upplýsing, gæði, samstaða, lögmæti
- Opnara ferli kallar á að rótgrónar hefðir séu endurskoðaðar
- Snýst um samspil almennings, hagsmunaaðila, sérfræðinga, ríkisstjórnar og Alþingis
- Samráð sem lausnarorð í litlu samfélagi?



OECD Recommendation 2012

- Adhere to principles of open government, including transparency and participation in the regulatory process to ensure that regulation serves the public interest and is informed by the legitimate needs of those interested in and affected by regulation.




OECD Recommendation 2012 frh.

- This includes providing meaningful opportunities (including online) for the public to contribute to the process of preparing draft regulatory proposals and to the quality of the supporting analysis. Governments should ensure that regulations are comprehensible and clear and that parties can easily understand their rights and obligations.



Stefnumótunarhringurinn





Dæmi um nýjungar í samráði

- „Red tape challenge“ í Bretlandi
- Áætlanir um lagasetningu birtar
- Samráð um mat á áhrifum
- Notendakannanir við endurskoðun laga
- Innlegg í samráði vegið og metið út frá ýmsum mælikvörðum (Sviss)
- Skipulagðir borgarafundir til að ræða tiltekin málefni



Hver eru meginsjónarmiðin?

- Samráð getur átt við á öllum stigum löggjafarferlis
- Samráði fylgir sú skuldbinding að taka tillit til þess sem kemur frá borgurunum
- Stjórnvöld verða að gera grein fyrir hvernig innlegg hefur verið meðhöndlað
- Gæta verður að því að vel skipulagðir hagsmunaaðilar einoki ekki samráð



Meginsjónarmið (frh.)

- Skipuleggja þarf samráð vel, skilgreina markmið, veita sem bestar upplýsingar, ætla því tíma og mannafla til að vinna úr ábendingum
- Ekki víst að þeir sem hafa mestu þekkinguna taki þátt í opnu samráði – leita þarf fleiri leiða samhliða
- Ljóst þarf að vera hvert sé hlutverk samráðsins í ferlinu, dæmi endurskoðun stjórnarskrár



Hvar stöndum við?

- Samráð kerfisbundnara hjá nefndum Alþingis en Stjórnarráðinu
- Engin skylda (að meginstefnu) að kynna frumvörp á undirbúningsstigi en fer vaxandi
- Tilviljanakennt á köflum og „kynningu“ og „samráði“ ruglað saman
- Í vaxandi mæli eru ráðuneytin farin að nýta netið til opins samráðs



Næstu skref

- Móta stefnu og setja skýrari reglur um samráð á vegum ráðuneyta
- Huga að því að opna lagasetningarferlið í heild á fleiri stigum en þegar frumvarp er á lokametrunum



Hvernig mætti nýta tæknina?

- Ein gátt fyrir allt samráð á vegum stjórnvalda, áskrift að málaflokkum
- Stór lagasetningarverkefni hefðu sérstakan opinn vef með öllum helstu upplýsingum og viðhorfum
- Eitt og sama opna kerfið héldi utan um lagasetningu frá upphafi til enda þar sem almenningur gæti séð stöðu mála á hverjum tímapunkti og lagt orð í belg



Hvernig mætti nýta tæknina?

- Einnig mætti nota netið, þ.e. netverja, til að prófa hvort lagatexti sé skýr og skiljanlegur
- Miklir möguleikar fólgnir í því að nýta betur sérþekkingu í samfélaginu og áhuga almennings á þjóðmálum í þágu vandaðrar lagasetningar



Lokaorð

- Við erum rétt að byrja að átta okkur á því hvernig nýta megi netið til samráðs og virkrar þátttöku borgaranna.
- Jafnframt er hlutverks samráðs sem slíks í löggjafarferlinu í mótun, þar er tæknin einn þáttur af mörgum sem þarf að taka tillit til.